

b. „Hálf-sjálfvirkt“, vopn sem skýtur kúlu í hvert sinn sem aðeins er tekið í gikkinn.

c. „Handvirkur endurhleðslubúnaður“, vopn þar sem hleðslubúnaðinn þarf að nota auk þess að taka í gikkinn í hvert sinn sem skjóta á úr vopninu.

d. „Einskota“, vopn sem hlaða þarf hlaupið eða hlaupin fyrir hvert skot.

e. „Stutt“, vopn með ekki meira en 30 sentimetra hlaupi og sem ekki er lengra en 60 sentimetrar í heild.

f. „Langt“, vopn sem er með hlaupi sem er lengra en 30 sentimetrar og sem er lengra en 60 sentimetrar í heild.

b. “semi-automatic” denotes a weapon which fires a projectile each time the trigger alone is operated;

c. “repeating mechanism” denotes a weapon the mechanism of which in addition to the trigger must be operated each time the weapon is to be fired;

d. “single-shot” denotes a weapon whereof the barrel or barrels must be loaded before each shot;

e. “short” denotes a weapon with a barrel not exceeding 30 centimetres or whose overall length does not exceed 60 centimetres;

f. “long” denotes a weapon with a barrel exceeding 30 centimetres whose overall length exceeds 60 centimetres.

## VIÐAUKI II

Sérhvert ríki getur lýst yfir að það áskilji sér rétt til að:

a. Beita ekki II. kafla samnings þessa um eitt eða fleiri þeirra tækja, sem falla undir staflíði *i* til *n* að báðum meðtöldum í 1. tl., eða 2., 3., 4., 5. eða 6. tl. í viðauka I við samning þennan.

b. Beita ekki III. kafla samnings þessa.

c. Beita ekki III. kafla samnings þessa um eitt eða fleiri þeirra tækja sem falla undir staflíði *i* til *n* að báðum meðtöldum í 1. tl., eða 2., 3., 4., 5. eða 6. tl. í viðauka I við samning þennan.

d. Beita ekki III. kafla samnings þessa um viðskipti milli vopnasala sem búsettir eru á landssvæði tveggja samningsaðila.

## APPENDIX II

Any State may declare that it reserves the right:

a. not to apply Chapter II of this Convention in respect of any one or more of the objects comprised in sub-paragraphs *i* to *n* inclusive of paragraph 1 or in paragraphs 2, 3, 4, 5 or 6 of Appendix I to this Convention;

b. not to apply Chapter III of this Convention;

c. not to apply Chapter III of this Convention in respect of any one or more of the objects comprised in sub-paragraphs *i* to *n* inclusive of paragraph 1 or in paragraphs 2, 3, 4, 5, or 6 of Appendix I to this Convention;

d. not to apply Chapter III of this Convention to transactions between dealers resident in the territories of two Contracting Parties.

## AUGLÝSING

### um niðurfellingu samkomulags við Indland um afnám vegabréfsáritana.

Með erindaskiptum 22. júní og 26. september 1984 var samkomulag milli Íslands og Indlands frá 15. maí og 25. júní 1974 um afnám vegabréfsáritana fellt niður til bráðabirgða, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1974 þar sem samkomulagið er birt.

Niðurfellingin gildir frá 24. júní 1984 að því er varðar ríkisborgara Íslands og frá 1. október 1984 að því er varðar ríkisborgara Indlands.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2. október 1984.*

**Geir Hallgrímsson.**

*Ingvi S. Ingvarsson.*